

Reykjavík, 2. júlí 2021

Norðurþing,
Ketilsbraut 7-9, 640 Húsavík

nordurthing@nordurthing.is

Efni:

Athugasemd vegna áforma að breytingu á aðalskipulags Norðurþings 2010-2030 vegna fyrirhugaðs vindorkuvers á Hólaheiði á Melrakkasléttu.

F.h. stjórnar Landverndar hef ég kynnt mér framangreind áform sem sagt er frá á heimasíðu Norðurþings í frétt sem birtist 15. júní sl.

Stjórn Landverndar telur að hugmyndir að vindorkuverum beri að fjalla um og meta á grundvelli laga nr. 48/2011 um verndar-og orkunýtingaráætlun. Rammaáætlun nær til landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti til orkuvinnslu, jafnt innan eignarlanda sem þjóðlenda, eða hvort beri að friðlýsa svæði gagnvart vinnslu eða kanna frekar. Andi og tilgangur laganna er skýr; allar virkjanahugmyndir sem fara yfir tiltekin stærðarmörk ber að meta í rammaáætlun áður en lengra er haldið í ákvörðunarferlinu. Rammaáætlun var komið á laggirnar til að fá vandaðri umfjöllum og betri yfirsýn yfir virkjunarhugmyndir, og flokka eftir áhrifum og gæðum gagna. Eitt markmið hennar var að stuðla að ríkari sátt í samfélaginu um virkjanir. Þess eru of mörg dæmi að reynt sé með lagaflækjum og rangfærslum að komast hjá þessu grundvallar atriði.

Áformað vindorkuver á Hólaheiði hefur ekki verið fjallað um í Rammaáætlun eins og fram kemur í skilaskýrslu verkefnisstjórnar¹ frá 31. mars sl. Hafi framangreind hugmynd að vindorkuveri verið send til verkefnisstjórnar Rammaáætlunar, eins vísað er til á bls. 15 í skýrslu EFLU (VINDORKUVER Á HÓLAHEIÐI Breyting á Aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 Greinargerð -Tillaga26.05.2021), hafa gögn og upplýsingar ekki uppfyllt þær kröfur sem gerðar eru til að taka virkjunarhugmynd til mats í Rammaáætlun.

Stjórn Landverndar telur að um framangreinda framkvæmd beri að fjalla um í rammaáætlun áður en hún tæk fyrir umfjöllun við breytingar á aðalskipulagi.

Við þessu má bæta að skýrsla EFLU sýnir að uppsetning á vindorkuveri á Hólaheiði mun hafa stórfelld umhverfisspjöll í för með sér, vera lýti á ásýnd víðáttu Melrakkasléttu og raska náttúru og stórbrotnu landslagi Melrakkasléttu. Slík eyðilegging er ekki réttlætanagerlega nema að brýnir samfélagshagsmunir séu í

¹ [tps://www.amma.is/rammaaetlun/4.-afangi/skil-verkefnisstjornar-4.-afanga/](https://www.amma.is/rammaaetlun/4.-afangi/skil-verkefnisstjornar-4.-afanga/)

húfi. Ekki verður með neinum hætti séð að sérstök þörf sé fyrir þá orku sem framangreindu vindorkuveri er ætlað að framleiða.

Að lokum er rétt að minna á að skv. skipulagslögum eru skipulagsbreytingar sveitarfélaga stefnumótandi fyrir þau. Sú ákvörðun að setja virkjunina inn á skipulag lýsir því vilja sveitarfélagsins um að virkjunin verði byggð. Það er því afar mikilvægt að vanda vinnubrögð og eiga gott og víðtækt samráð við alla hlutaðeigandi aðila.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. Landverndar
Tryggvi Felixson, formaður stjórnar